# Ræða flutt í Barðastrandarsýslu 1954 1955

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Ræður – Þjóðmál – Efnahagur – Barðarstrandasýsla – 1954 - 1955

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 4-3, Örk 4

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Flutt í Barðastrandarsýslu 1954 eða 1955. – Hefur ekki birzt.

Í gær vorum við hér samankomin til þess að stofna samband sjálfstæðismanna á Vestfjörðum. Með því hafa menn enn styrkt hina sterku fylkingu sjálfstæðismanna í þessum héruðum. Í síðustu kosningar bættum ~~við~~ einum þingmanni við þingmannatölu ~~okkar frá~~ Vestfjörðum og allar líkur eru til þess að í næstu kosningum munum við að minnsta kosti bæta enn ~~einu kjördæmi~~ við okkur, ~~á þessum slóðum.~~ Sjálfstæðisflokknum er það mikil nauðsyn, að efla fylgi sitt úti um byggðir landsins, því að á þann veg einan er mögulegt að fá meirihluta á Alþingi Íslendinga. Slíkur meirihluti mundi ekki einungis hafa úrslita þýðingu fyrir Sjálfstæðisflokkinn, heldur fyrir alla þjóðina. Þá losnaði hún við hið leiða og óholla sambræðslu stjórnarfyrirkomulag, sem við höfum allt of lengi búið við og leitt hefur til þess, að engin ein stefna hefur fengið að ráða, heldur hefur orðið að semja um allar ráðstafanir með þeim árangri, að allir eru óánægðir og í raun og verü engan einan um að saka, þótt illa fari. Heilbrigðum stjórnarháttum verður þá fyrst komið á, þegar einn flokkur fer með völdin, ber síðan ábyrgð gjörða sinna frammi fyrir kjósendum, þannig að hann hljóti traust þeirra, ef vel hefur tekizt, en verði látinn víkja fyrir öðrum, ef kjósendur telja, að ~~svo~~ þá muni betur fara. Af þessum sökum verður Sjálfstæðisflokkurinn sín vegna og þjóðarinnar allrar í heild að leggja megináherzlu á, að auka fylgi sitt í sem allra flestum kjördæmum. ~~Má engra heiðarlegra úrræða láta ófreistað í því skyni.~~ Þó að það sé af þessum ástæðum mikilsvert ~~að flokkurinn~~ eflist sem víðast, þá er það ekki

síður þýðingarmikið fyrir fólkið í hinum einstöku héruðum að fylkja sér um Sjálfstæðisflokkinn. Það er auðvitað mikilsvert vegna þess að hver einstaklingur er hluti þjóðarheildarinnar vegnar því aðeins vel til lengdar, að þjóðinni sjálfri farnist vel.

Hér kemur fleira til; Sjálfstæðisflokkurinn er tvímælalaust sterkasta stjórnmálaaflið í landinu. nú meðan hann skortir enn á um öflun hreins meirihluta, þá er flokkurinn langtum stærri og öflugri en nokkrir aðrir stjórnmálaflokkar í þessu landi. Til lengdar verður Íslandi ekki stjórnað án þátttöku og áhrifa Sjálfstæðisflokksins. Þess vegna eru meiri líkur til að góð mál nái fram að ganga, ef Sjálfstæðisflokkurinn tekur að sér framkvæmd þeirra, þótt einhver annar hinna fámennari og máttarminni flokka geri slíkt. Glögg vitni þessa hafið þið íbúar þessa fagra og svipmikla héraðs greinilega fyrir augum. Sú mikla breyting, sem hefur orðið í vegamálum ykkar svo að aðeins eitt dæmi sé nefnt sannar örugglega þessa staðhæfingu mína. 'Eg skal ekki skýra fyrir ykkur hverja þýðingu hinar bættu samgöngur hafi nú þegar haft og muni í framtíðinni hafa fyrir líf ykkar og alla afkomu. Það þekkið þið miklu betur en ég. Hitt veit ég með vissu , að án atbeina Sjálfstæðisflokksins, hefðu þessar framkvæmdir ekki orðið. Sumir munu ef til vill segja að hérað ykkar hafi áður verið svo afskekkt, að ekki sé nema eðlilegt þegar þið fenguð dugmikinn þingmann barinn hér tekið drjúg framfaraspor. Fyrst skal að bera á móti þessu, um vegagerðir og aðrar slíkar framkvæmdir eru uppi mjög ólíkar skoðanir.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þeir sem í fjölmenninu búa, telja eðlilegt að fyrst séu gerðir fullkomnir vegir milli hinna fjölbyggðustu staða og mannflestu héruðunum. Því er til dæmis ekki að leyna, að sökum félags vegasambands milli Reykjavíkur og suðurlandsláglendisins fara á hverju ári margar milljónir til spillis vegna óhagkvæmra flutninga auk þess sem höfuðborgin býr við þá hættu, að mjólkurflutningar teppist ef veður spillist verulega. Það eru þess vegna margir sem segja, að áður en hægt sé að verja ríkisfé til umbóta á hinum fámennari stöðum verði fyrst að koma samgöngunum í öruggt horf þar sem fjölmennið býr. Gegn þessari kenningu hefur maður eins og Gísli Jónsson þingmaður ykkar farizt með ráðum og dáð. Hann hefur sannfært menn um, að landauðn vofi yfir , ef hinir fjarlægari og fámennari byggðir verði lengur látnar dragast aftur'ur, það er vegna þess héruð ykkar hafa sent menn eins og Gísla Jónsson og Sigurð Bjarnason á þing og þeir eiga sæti í fjölmennasta og valdamesta stjórnmáaflokki landsins, en svo mikið hefur áunnist til framfara fyrir byggðarlög ykkar. Þó að hagsmunirnir séu sameiginlegir þegar til lengdar lætur, þá skulum við ekki dylja okkur þess, að um sinn virðist oft svo sem hagsmunir ýmsra héraða kunni að rekast á. Þegar svo stendur á, er það ómetanlegt fyrir þá, sem máli sínu vilja koma fram að eiga málsvara einmitt innan öflugasta stjórnmálaaflokks landsins.

Við sjálfstæðismenn erum svo fjölmennur og sterkur flokkur, að við höfum efni á að taka tillit til hagsmuna búa í fámenni eða fjölbýli. Þó að stefna okkar sé í meginmálum skýr, þá erum við heldur ekki hræddir við að láta

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

samvizku manna sjálfra ráða gerðum þeirra í einstökum málum, beitum aldrei flokkskúgun eða ofbeldi. Erum stoltir af því að vera sjálfstæðir menn í sjálfstæðum flokki. Það er til dæmis ekkert launungamál, að ég og Gísli Jónsson erum ekki ætíð sammála um allt. Við erum svo hreinskilnir menn, að við segjum hvor öðrum óspart til syndanna, ef við teljum þörf á. fara beztu bræður að erum þeim mun kappsamari að vinna að framgangi sameiginlegra áhugamála. Það er og ekkert launungamál, að fáir menn eru betri eða æskilegri til samvinnu en einmitt Gísli Jónsson. Afrek hans fyrir ykkar eigin hérað þekkið þið betur en ég þarf ég ekki að rekja þá sögu. Um þjóðmálin almennt er það eftirtektarvert hve oft Gísli Jónsson hefur verið tilkvaddur, þegar leysa þarf flókin og vandasöm mál á skömmum tíma. Honum var falin umsjá um gerð nýsköpunartogaranna á sínum tíma. Hefur með því verki reist sér óbrotgjarnan minnisvarða í atvinnusögu Íslands. Lærdómsríkasti dómurinn um það hvernig honum tókst þá til þó að framsóknarmenn hefðu haft uppi langvarandi ádeilur af þessum sökum og öðrum, þá voru þeir sammála að leita til hans framhald verksins, þegar það var hafið, eftir að þeir komu í ríkisstjórn 1947. Segja má að ekki sé furða þó að Gísli hafi verið kvaddur til þessara starfa svo mjög sem þau snerta lífstöðu hans í þrengri skilningi

Sjálfstæðisflokkurinn kvaddi hann einnig til sem trúnaðarmann sinn við setningu tryggingar-laganna á sínum tíma einmitt vegna þess að menn treystu því, að það verk sem Gísli tæki að svo áárennilegt sem það virtist mundi hann vinna örugglega á tilsettum tíma. Sama áttá sér enn stað nú er í haustendundage var

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

komið um endurskoðun skattalöggjafarinnar, þá var Gísli tilkvaddur. Á hann drjúgan þátt í þeim árangri sem núþegar hefur náðst í þeim efnum, en var sem fyrr raunin á, að þegar þurfti heimili fyrir vandræðaunglina, að það mál hafi lengi þvælst fyrir mönnum og ekki orðið úr framkvæmdum. Eftir að Gísli Jónsson tók málið að sér var ekki lengur látið sitja við orðin ein, heldur verkin látin tala. Þjóðin öll hlustaði með alúð og vaxandi skilningi á hin stórmerku erindi hans um þessi efni á síðastliðnu ~~efni á síðastliðnu~~ vori.

Auðvitað veit ég að það þarf ekki að kynna Gísla Jónsson fyrir ykkur, sannleikurinn er sagna beztur, þess vegna er bezt að segja það eins og er, flest önnur kjördæmi öfunda ykkur að eiga duglegasta fulltrúann á Alþingi Íslendinga. Þó er það svo eins og ég sagði ykkur áður, Gísli Jónsson mundi litlu fá til vegar komið ef hann væri ekki í Sjálfstæðisflokknum. vegna þess að hann er einn ötulasti starfsmaðurinn í þeim miklu stjórnmálasamtökum og hefur geta komið svo miklu góðu til vegar, sem raun ber vitni um, þrátt fyrir áhrif Sjálfstæðisflokksins er þó vissulega margt í þessu landi en vera ætti. Í öllu mannlegu lífi amar eitthvað að þannig hefur ætíð verið og mun ætíð vera ~~svo langt sem við fáum séð fra~~. Við Sjálfstæðismenn ~~getum~~ ekki lofað neinu þúsund ára sæluríki, þó að við einir fengjum meiri hluta. Það eru aðeins einræðissinnar, svo sem kommunistar og nazistar sem slík loforð bera í munni . Við höfum séð og heyrt hversu haldgóð loforð Hitlers urðu um þúsund ára ríkið þýzka . Þó að kommunisminn haldi enn áfram að leggja undir sig lönd smeygi hrammi sínum

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hvarvetna þar inn, sem ekki er nóg vald fyrir til að hindra og reka burtu fanskrumlur hans, svo sem við nú síðast sjáum með vopnahléinu í Indo-Kína, þá vitum við það og að veldi kommunistmanns er ekki annað en stundafyrirbæri. Við skulum játa það hreinskilningslega, að það er á einskis manns eða flokks færi að stofna algert sæluríki hér á jörðu, en þó mundi, eins og ég sagði áðan um allt mega bæta, ef við eyddum þeim göllum stjórnarfarsins, sem eru áþreifanlegastir. Haldið þið góðir Barðstrendingar, og aðrir áheyrendur, að auðveldi góðan árangur stjórnarstarfs, að flokkar þurfa að vinna saman með sl slíkum hætti og nú er gert hér í landinu. Rétt er það að sjaldan veldur einn, þegar tveir deila. En anda samstarfsmanna okkar má nokkuð marka af því, þegar Tíminn notaði tækifærið hinn 17. júní s.l. á 10 ára afmæli íslenzka lýðveldisins til að fá formann sinn til að skrifa grein sérstakt hátíðarblað. Efni þeirrar greinar var nærri allt svæsin árás á samstarfsmenn framsóknarflokksins í ríkisstjórn. Það var ekki fögnuðurinn yfir fengnum sigri aldagamalli frelsisbaráttu þjóðarinnar, þá bjó ríkust í huga þessara samstarfsmanna okkar, heldur úlfúðin í okkar garð, úlfúðin til fjölmennasta flokks landsins, þess sem ynni heldur menn af öllum stéttum og öllum héruðum landsins. Eðlilegt að menn deili. Helztu hátíðisdögum hefur þó ætíð þótt fara betur á því að fella illskeyttustu deilurnar niður og af hverju kemur þessi heift? Er hún vegna þess, að sjálfstæðismenn vinni ekki að framförum lands og þjóðar? Ekki er svo að sjá, því að svo mjög sem framsóknarmenn skamma okkur, þegar við erum þeim ósammála, verða þeir þó ennþá verri ef við erum

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeim sammála, taka því ætíð með fjandskap og af tortryggni ef við leggjum sömu málum lið. Sjálfir þeir þykjast einir hafa einkarétt á umhyggju fyrir landbúnaðinum og fólkinu í dreifbýlinu, sem þeir svo kalla. Bændur landsins hafa svarað þessu á sinn veg, með því að nær helmingur þeirra eru nú kjósendur Sjálfstæðisflokksins og við vinnum ætíð meira og meira á mörgum bændakjördæmum. Það er og ekki von um fyrr að bændur sjái í gegnum blekkingarvef framsóknarmanna. Framsóknarmenn tala til dæmis mikið um misskiptingu lánsfjárins. Sannleikurinn er sá, að þeir ráða einir yfir einum aðalbanka landsins, Búnaðarbankanum. Við umræður á Alþingi í vetur sannaðist, að lausafé bankans er að sáralitlu leyti varið til útlána handa bændum, heldur að langmestum hluta til að lána kaupmönnum og öðrum atvinnurekendum í kaupstöðum og þá einkum Reykjavík. Nei, það tjáir ekki að hafa fallegt nafn á banka eða hálaunaða bankastjóra, háttsetta menn í bankaráði og sem bankaráðsformann, ef efndirnar á öllu skrafinu um umhyggju fyrir hag bænda, eru slíkar sem á sannaðist í þessu efni. Þá er betra að hafa færri titla og færri orð, en láta meira verða um efndir.

Við Sjálfstæðismenn biðjum um traust ykkar, ekki vegna fagurra orða okkar eða mikilla loforða, heldur vegna verkanna. Það er af þeim, sem við viljum verða dæmdir. Við vísum óhikað til þess sem okkur hefur orðið ágengt í þjóðmálunum.

Sjálfstæðisflokkurinn er eini flokkur landsins, sem hefur verið í stjórn öll árin frá því lýðveldið var stofnað fyrir 10 árum. Við höfum þess vegna meira en nokkur annar flokkur mótað stefnuna þessi ár, þó að ýmislegt hefði mátt

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

betur fara, þá verður því aldrei neitað, að þessi 10 ár eru langmestu framfara árin í allri sögu þjóðarinnar frá upphafi Íslandsbyggðar. Út á við hefur okkur tekizt að skapa landi okkar gott álit og sæmilegt öryggi, eftir því sem um er að ræða, á þeim viðsjárverðu tímum er lifum.

Íslenzka þjóðin má nú muna tímana tvenna frá því ákveðið var af Dönum 1871 að við skyldum vera óaðskiljanlegur hluti danska ríkisins, eða 1918 þegar um það var samið, að Danir skyldu fara með utanríkismál Íslands. Nú tökum við þátt í margskonar alþjóðlegum samtökum með samrétti og aðrar fullvalda þjóðir, en hvergi hefur okkur þó tekizt að koma ár okkar fyrir borð betur en í þáttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu, þar sem við erum ein af fjórtán jafn rétthá(u)m frjálsum þjóðum, sem fylkt hafa liði til verndar friðinum í heiminum. Í þessum samtökum hefur Íslendingum tekizt að skapa sér formlega jafnan rétt og sterkustu heimsveldin hafa. Veit ég ekki neinn annan samfeldan hóp 150 þúsund manna fyrr eða síðar hafa aflað sér svo styrkrar stöðu og mun margt gott af hljótast fyrir þjóð okkar, ef vel verður á haldið. Innanlands höfum við eflt atvinnuvegina, gert stórfellda nýsköpun í sjávarútvegi, siglingum, samgöngum og iðnaði Nú stendur yfir meira ræktunartímabil á Íslandi en nokkru sinni fyrr, Hentug hús rísa hvarvetna af grunni. Vinnuvéla margs konar er aflað til að taka af mönnum ómak. Skólar, sjúkrahús og aðrar slíkar menningarstofnanir eru reistar til að bæta lífið og auka möguleikana til að njóta þess á réttan veg.

Síðast en ekki síst ber að geta hinna miklu áforma um rafmagnsvirkjun, leiðslu rafmagns víðs vegar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á landinu, þegar þeim framkvæmdum verður vel á veg komið mun lífið gerbreytast í sveitum landsins, þá ekki síst hlutur húsmæðranna verða óendanlega miklu betri en hann er nú. ~~Því~~ Á heimilunum og hinni hollu menningu þau flytja frá kynslóð til kynslóðar, veldur ~~ekki síst~~ farsæld íslenzku þjóðarinnar.

Ef aðrir flokkar hefðu borið gæfu til að taka betur hinni miklu hugmynd Jóns Þorlákssonar og Jóns á Reynistað, er þeir báru fram um rafmagnsvirkjani ~~þarvæðing landsins~~ fyrir aldarfjórðungi þá mundi mörgum betur komið en raun er á. Við skulum þó ekki sakast um orðinn hlut, heldur því fremur leggja okkur fram um að láta gott af okkur leiða í nútíð og framtíð.

Með öflugum stuðningi við Sjálfstæðisflokkinn eflir hver einstaklingur okkar, sem mál mitt heyrir, sinn eigin hag, héraðs síns og þjóðarinnar allrar. Enda er það vilji og von okkar allra, að hagur íslenzku þjóðarinnar, framfarir hennar og menning megi blómgast sí og æ.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur